

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *36. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 10. apríl 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 28. mars, þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps á því hvort og á hvaða forsendum djúpborunarhola við Kröflu skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
3. Fundargerð Veitnanefndar frá 8. apríl.
4. Drög að samningi um Skjólbrekku.
5. Erindi frá Landgræsðlunni dags. 7. apríl, ósk um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
6. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 7. apríl, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu veitulagna að Dimmuborgum.
7. Erindi frá Landsvirkjun dags. 9. apríl, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja rannsóknarhola á Kröflusvæðinu.
8. Bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 27. mars.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 28. mars.

Bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 27. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Elín Steingrímsdóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 4, 5, 6 og 7 yrði bætt á dagskránnu. Einnig að bréf Umhverfísráðuneytisins sem var til kynningar verði tekið á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 28. mars, þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps á því hvort og á hvaða forsendum djúpbórunarhola við Kröflu skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að áform Landsvirkjunar um borun 4000 – 5000 m. djúprar tilraunarholu á Kröflusvæðinu séu ekki háð mati á umhverfisáhrifum frekar en aðrar tilraunaboranir sem framkvæmdar hafa verið innan skilgreinds iðnaðarsvæðis við Kröflu.

3. Fundargerð Veitnanefndar frá 8. apríl.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að Fjarhitun verkfræðistofa hafi farið yfir tilboðin sem bárust í nýjan vatnsgeymi. Fjarhitun leggur til að lægsta tilboðinu verði tekið sem er frávikstilboð frá Trésmiðjunni Rein. Þar sem frávikstilboðið gerir ráð fyrir að geymirinn verði 12 hyrndur verður lítlsháttar magnaukning á efni og hækkar því tilboðið lítillega. Veitnanefnd leggur til við sveitarstjórn að ganga frá samningi við Trésmiðjuna Rein á grundvelli frávikstilboðsins.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra að ganga frá samningnum. Steinunn Ósk tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

4. Drög að samningi um Skjólbrekku.

Fyrir fundinum liggja drög að samningi um leigu á Skjólbrekku.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

5. Erindi frá Landgræðslunni dags. 7. apríl, ósk um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.

Í bréfi Landgræðslunnar kemur fram að allt frá árinu 1990 hefur Landgræðsla ríkisins átt í samstarfi við bændur á landsvísu um uppgræðslu á heimalöndum þeirra. Verkefni þetta nefnist „Bændur græða landið“. Samstarfið felst í að Landgræðslan sytrkir þátttakendur til áburðarkaupa, leggur til fræ og veitir faglega ráðgjöf við uppgræðslu landsins en landeigendur sjá um allar verklegar framkvæmdir vegna þessa. Ávinningur samstarfsins er margvíslegur og má þar nefna að bændur á landsvísu hafa stöðvað gróður- og jarðvegsrof á fleiri þúsund ha. lands undir merkjum verkefnisins. Í Skútustaðahreppi eru skráðir 19 þátttakendur. Þeir bera árlega á um 71,4 tonn af áburði og hafa þannig grætt upp ótalda hektara af eyddu landi. Landgræðslan telur þetta samstarfsverkefni eitt af sínum mikilvægari verkefnum og leitar því

fjárstuðnings hjá Skútustaðahreppi við það. Stuðningur sveitarfélaga við verkefnið er mjög mikilvægur þar sem hann styrkir tilurð þess og eykur líkur á aðkomu fleiri bænda og annarra landeigenda að uppgræðslu lands síns. Landgræðsla ríkisins fer því þess á leit við Skútustaðahrepp að styrkja verkefnið um kr. 85.500.-

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

6. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 7. apríl, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu veitulagna að Dimmuborgum.

Með bréfi óskar Landgræðsla ríkisins eftir framkvæmdaleyfi fyrir lagningu veitulagna að Dimmuborgum, skv. meðfylgjandi verklýsingu frá VGK Hönnun (vnr. 07.24.93.03). Í bréfinu kemur einnig fram að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi verið kynntar Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Sveitarstjórn veitir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

7. Erindi frá Landsvirkjun dags. 9. apríl, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja rannsóknarhola á Kröflusvæðinu.

Í bréfinu er óskað eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja 2000-2500 m rannsóknarhola á Kröflusvæðinu. Tilgangur með borun holanna er að kanna nánar norður- og austurhluta jarðhitakerfisins í Kröflu til öflunar gufu með hagkvæmum hætti fyrir fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar. Báðar holurnar verða stefnuborðaðar frá borteigum sem fyrir eru og því fylgir engin vegagerð þessum framkvæmdum. Fyrri holunni, KJ-38 hefur verið valinn staður á borteig austan Vítis, þar sem fyrir eru borholur K-34 og K-36. Gert er ráð fyrir stækkun borteigs um 2000 m² og er stærsti hluti þess svæðis gróðursnauður melur.

Seinni holunni hefur verið valinn staður á borteig K-12, sem er í Leirbotnum í Kröflu. Þar er einnig gert ráð fyrir stækkun borteigs um 2000 m². Þar er um að ræða leirborið land sem að hluta hefur verið grætt upp. Báðar holurnar eru á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði á gildandi aðalskipulagi og innan núverandi vinnslusvæðis Kröflustöðvar.

Sveitarstjórn veitir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

8. Bréf Umhverfisráðuneytisins dags. 27. mars.

Með bréfi dags. 27. mars óskar Umhverfisráðuneytið eftir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um kæru Landverndar frá 18. mars s.l. á þeirri ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. febrúar s.l. þess efnis að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir niðurstöður Skipulagsstofnunar varðandi umhverfismat framkvæmdanna. Vegna ólíkra framkvæmdaáðila, umfangs og ólíkrar stöðu í matsferli virðist nánast ógerlegt að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum allra framkvæmdanna. Frummatsskýrslur fyrir stækkun Kröflu, Þeistareykjavirkjunar og háspennulínur eru annað hvort tilbúnar eða langt á veg komnar og engin ástæða til að tefja afgreiðslu á þeim, þar sem óvíst er hvenær frummatsskýrsla fyrir álver á Bakka verður lögð fram. Auk þess er sveitarstjórn þeirrar skoðunar að meiri en minni líkur séu til þess að virkjað verði á Þeistareykjum og í Kröflu óháð því hvort af álversframkvæmdum verði á Bakka við Húsavík.

Að lokum vill sveitarstjórn geta þess að megin stefnumörkun um orkuvinnslu og orkuflutning til Húsavíkur hefur farið fram sameiginlega eins og fram kemur í nýsamþykkttri skýrslu um Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir,

Elín Steingrimsdóttir.